

Nd.

396. Frumvarp til laga

[174. mál]

um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57/1973, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

g-liður 16. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1981, og reglugerð nr. 221/1973 verði breytt samkvæmt þeim.

Greinargerð.

16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar fjallar um þá sem ekki eiga rétt til atvinnuleysisbóta, svo sem þá sem taka þátt í verkfalli, njóta slysa- eða sjúkradagpeninga, misst hafa vinnu vegna óreglu, sviptir eru frelsi með opinberri íhlutun, ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, stunda vinnu í eigin þágu eða loks, eins og segir í g-lið greinarinnar: „eiga maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Regla þessi um hjón gildir einnig um karl og konu, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúð hefur varað í samfleytt tvö ár.“

Þetta ákvæði veldur því, að fjöldi kvenna hefur ekki rétt til atvinnuleysisbóta vegna tekna maka, þó að iðgjöld séu greidd vegna þeirra eftir sömu reglum og annarra. Sama gildir raunar um hvort kynið sem er, en oftast bitnar þetta óréttlæti á konum vegna hærri launa karlmannna. Er nærtækt að benda á það, sem gerðist á Ísafirði nýlega, þegar fjöldi manns varð atvinnulaus vegna verkfalls sjómanna, en þá kom þetta réttleysi hart niður á konum á staðnum.

Þegar lög um atvinnuleysisbætur tóku gildi, kom fljótlega í ljós að ótækt var að láta þetta ákvæði gilda, þar sem fjöldi kvenna varð af bótunum vegna þess. Var ákvæði g-liðar 16. gr. því tekið út, þegar um atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi var að ræða. En enn þá er ákvæðið í gildi, þegar um bætur vegna atvinnuleysis er að ræða, með áðurnefndum afleiðingum.

Benda má á, að frumvarpið gerir ráð fyrir gildistöku 1. janúar 1981, en einmitt þá má gera ráð fyrir að lög um atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi verði úr gildi numin. Í samræmi við nýsamþykkt lög um eftirlaun aldraðra og frumvarp það, sem fyrir þinginu liggur á þingskjali 146 um fæðingarorlof, er gert ráð fyrir að léttu greiðslum vegna fæðingarorlofs af Atvinnuleysistryggingasjóði og flytja þær yfir í almannatryggingar.

Þá má benda á að mál þetta nýtur stuðnings verkalýðshreyfingarinnar allrar, enda eitt af baráttumálum hennar í komandi kjarasamningum.

Í rekstrarreikningi Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir árið 1978 kemur fram, að af kostnaði sjóðsins voru atvinnuleysisbætur 389 002 901 kr., kauptrygging í fiskvinnu 70 204 635 kr., en atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi 522 318 256 kr.

Engar tölur er að fá um nákvæman kostnaðarauka sjóðsins vegna þessarar lagabreytingar, þar sem skrá yfir synjanir liggur ekki fyrir. En ljóst er, að hann gæti aldrei farið fram úr þeirri upphæð sem nú fer í atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi, enda þyrfti þá að vera um fleiri synjanir að ræða en samþykktar bætur, og hefur framkvæmdastjóri sjóðsins staðfest að slíkt sé fráleitt við venjulegar aðstæður. Komi til allsherjar atvinnuleysis á landinu yrði hvort sem er að styrkja sjóðinn til muna.

Að lokum skal á það bent sem grundvallaratriði frumvarpsins, að atvinnuleysistryggingar eiga ekki að byggjast á framfærslusjónarmiðum, heldur eru þær tryggingamál og hluti af rétti hvers einstaklings til að vinna fyrir framfærslu sinni sjálfur, en vera tryggður ella, ef þeim rétti er ekki sinnt.